

**Ed. 114. Frumvarp til laga [69. mál]**

um breyting á lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

**1. gr.**

Við 1. málsgrein 4. greinar bætist:

Það fellur á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, sem undanþegnar eru skattgreiðslu samkvæmt 1. gr., en ekki á aðgöngumiða að dansleikjum, sem undanþegnir eru samkvæmt heimild í 1. gr.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Viðbótin er gerð til þess að taka af öll tvímæli um það, að gjaldið samkvæmt 4. grein skuli greiðast af öllum kvikmyndasýningum og til þess að undanþiggja gjaldinu dansleiki, sem haldnir eru til ágóða fyrir góðgerðar- og líknarstarfsemi o. fl. Ef innheimta ætti gjaldið af slíkum dansleikjum, yrði að efna til eftirlits, sem í ýmsum tilfellum myndi kosta jafnmikið og gjaldinu sjálfu næmi. Sá kostnaður ætti að vísu að greiðast af þeim, sem dansleik héldi, en óeðlilegur baggi yrði á þenna hátt lagður á góðgerðar- og líknarstarfsemi.